

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Samkomuhús

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir samkomustaði, sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk.	1277/2016 18. gr. 941/2002 3. og 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002 13.gr	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er um að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 14.gr	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	
1.6	Í umsókn skal tilgreina fastanúmer og skrá heiti þeirrar fasteignar sem fyrirhuguð starfsemi mun fara fram.	1277/2016 23.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.3	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.4	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu.	941/2002 15.gr Rg. 112/2012	
2.5	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
2.6	Húsnæði og búnaður veitingastaða skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi svæði.	1277/2016	

3 HÁVAÐI

Rgl.nr. Uppfyllt

3.1	Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að ekki valdi ónæði.	724/2008	
-----	---	----------	--

4 HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera eftir þörfum.	941/2002 14.gr	
4.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr	
4.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11.gr	
4.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

5 MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 og 852/2004	
5.2	Yfirmaður í eldhúsi veitingastaðar skal búa yfir fullnægjandi menntun og þekkingu í meðferð matvæla, hreinlæti og verkstjórn í samræmi við ákvæði matvælalag og gildandi reglugerðar um hollustuhætti.	1277/2016 16. gr.	

6 ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur.	941/2002 14. gr.	
6.2	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal vera merkt á fullnægjandi hætt. Öryggisleiðbeiningar um hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	941/2002 37. gr.	

7 UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. gr og 18.gr.	
7.2	Gæta skal þess að mengun s.s. hávaði og lykt valdi hvorki gestum né nágrönnum staðarins óþægindum eða ónæði.	941/2002 22. gr.	
7.3	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003 806/1999	

7.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/2002	
-----	---	----------	--

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 01.11.2017

Kristín Linda Árnadóttir

